

## Reglugerð um (6.) breytingu á reglugerð nr. 55/2009 um styrki til kaupa á næringarefnum og sérfæði.

### 1. gr.

Á eftir 1. málsl. 4. gr. reglugerðarinnar bætist við nýr málslíður sem orðast svo:

Þó er heimilt að veita styrk í skemmri tíma þegar um er ræða fyrirbura, sem fæðast fyrir 32 vikna meðgöngu og þarfnast næringaruppbótar þar til þeir hafa náð 40 vikna meðgöngualdri.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 27. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðisráðuneytinu, 28. maí 2021.*

**Svandís Svavarsdóttir.**

*Guðlaug Einarsdóttir.*

#### Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.